

Sp.

160. Fyrirspurnir

[128. mál]

I. Til félagsmálaráðherra varðandi byggingu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hvað líður undirbúningi að byggingu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga í samræmi við heimild laga nr. 58 frá 30. apríl s. l. um breyting á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins?
2. Hefur verið sett reglugerð um framkvæmd þessa?
3. Hve margar umsóknir hafa borist frá sveitarfélögum um stuðning samkvæmt þessum ákvæðum?

II. Til iðnaðarráðherra um tafir á lagningu rafmagns á sveitabæi.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hefur skortur á efni, svo sem spennum, valdið töfum á því, að hægt væri að tengja bæi við samveitur, sem fyrirhugað var að fengju rafmagn á s. l. sumri eða hausti, og ef svo er, hverju sætir slíkt?